

# Samþykkt

## fyrir Óxarfjarðarhrepp um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Sýslunefnd Norður-Pingeyjarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 73, 14. nóv. 1917 gjört eftirfarandi samþykkt um kornforðabúr til skepnufóðurs.

### 1. gr.

Tilgangur forðabúrsins er að koma í veg fyrir hættu af fóðurskortri búpenings.

### 2. gr.

Forðabúrið er eign hreppsins og stendur undir umsjón forðagæslumanna, eftir nánari ákvæðum hreppsnefndar. Að því leyti sem kostnaðurinn við það er ekki lagður á fóðurforðann, greiðist hann úr sveitarsjóði. Forðabúrið hefir sjerstakan reikning og skal hann árlega sendur sýslunefnd með hreppsreikningum.

### 3. gr.

Hreppsnefnd með ráði forðagæslumanna selur hreppsbúum fóður úr forðabúrinu eftir því sem þörf krefur.

### 4. gr.

Þá er auðsjeð er eitthvert vor, að eigi þarf að taka til fóðursins það sinn til skepnufóðurs, má selja til manneldis það af fóðrinu, sem til þess er hæft.

### 5. gr.

Hreppsnefnd getur trygt hreppnum fóðurforða með því að semja við kaupfjelög, kaupmenn eða einstaka menn um, að hafa fyrirliggjandi ákveðinn fóðurforða á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí til rádstöfunar fyrir sveitarstjórnina. Í samningnum skal kostnaðurinn við geymslu forðans og ábyrgð nákvæmlega tiltekinn. Sje fóðrið eigi notað einhvern vetur, skal kostnaður sá, er af geymslunni leiðir, greiddur úr sveitarsjóði, sbr. þó 9. gr. laga nr. 73, 14. nóv. 1917.

Samþykkt þessi staðfestist hjer með samkvæmt framangreindum lögum og óðlast gildi 15. september 1918.

**Í stjórnarráði Íslands, 3. september 1918.**

**Sigurður Jónsson.**

Oddur Hermannsson.